



**HALLVEIG**  
UNGIR JAFNAÐARMENN  
Í REYKJAVÍK

## Lög Hallveigar - UJR

Síðast uppfærð á aðalfundi félagsins 23. Ágúst 2024

### Nafn félagsins, heimili og tilgangur

#### 1. grein

Félagið heitir Hallveig - Ungt jafnaðarfólk í Reykjavík (Hallveig-UJR). Félagið er framvegis kallað Hallveig í þessum lögum. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Hallveig er sjálfstætt, staðbundið aðildarfélag að Samfylkingunni og Ungu jafnaðarfólki.

#### 2. grein

Tilgangur Hallveigar er að vinna að samfélagsbreytingum með frelsi, jafnrétti og samstöðu að leiðarljósi. Félagið skal starfa með öðrum aðildarfélögum Samfylkingarinnar og beita sér fyrir jafnaðarstefnunni og vera virkur umræðu- og samstarfsvettvangur ungs fólks í Reykjavík. Félagið vinnur í þágu félagsfólks og hagsmuna ungs fólks með málefnum starfi, fræðslu, þjálfun í pólitísku starfi og styrkingu tengslanets þess. Stjórn félagsins hefur umboð til að gera samstarfssamninga við önnur aðildarfélög Samfylkingarinnar og skulu samningar og skuldbindingar félagsins vera í viðauka við lög þessi.

### Réttindi og skyldur félagsfólks

#### 3. grein

Hallveig er opin þeim einstaklingum á aldrinum 16 til 35 ára, sem eru með lögheimili í Reykjavík, telja sig Reykvíking og/eða telja sig í nánnum tengslum við Reykjavík, sem aðhyllast jafnaðarstefnu og greiða árgjald geta orðið félagar Hallveigar. Félagar Hallveigar eru jafnframt félagar í Ungum jafnaðarmönnum, Samfylkingunni og öðrum aðildarfélögum í samræmi við gildandi samninga. Þegar félagar Hallveigar ná 36 ára aldri skal félagsaðild þeirra að Hallveigu falla niður en félagsaðild að Samfylkingunni helst óbreytt. Hver félagi hefur 1 atkvæði á aðalfundi félagsins. Ekki er hægt að greiða atkvæði í umboði annars. Aðalfundur má vísa hverjum þeim félagi úr félaginu sem fundurinn telur að hafi brotið lög félagsins með atkvæðum 2/3 fundargesta.

#### 4. grein

Réttindi félagsfólks eru:

1. að taka þátt í fræðslustarfi á vegum félagsins, flokksins, Ungra jafnaðarmanna og annarra aðildarfélaga Samfylkingarinnar í samræmi við gildandi samninga,
2. að greiða atkvæði á félagsfund, til fulltrúaráðsins í Reykjavík og í almennri atkvæðagreiðslu í flokknum,
3. að bera upp tillögur á félagsfundi,
4. að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa innan félagsins, flokksins, Ungra jafnaðarmanna, og annarra aðildarfélaga í samræmi við gildandi samninga.
5. að taka þátt í stefnumótun félagsins, flokksins, Ungra jafnaðarmanna og annarra aðildarfélaga í samræmi við gildandi samninga.
6. að taka þátt í kosningum um val flokksins á framboðslista.

Skyldur félagsfólks eru:

1. að greiða árgjald,
2. að vera reiðubúið til þátttöku í starfi félagsins, flokksins, Ungra jafnaðarmanna eða annarra aðildarfélaga í samræmi við gildandi samninga, einkum á álagstímum, svo sem í aðdraganda kosninga,
3. að sýna ábyrgð í starfi innan flokksins og á vegum hans.

#### **Stjórn félagsins**

##### 5. grein

Stjórn Hallveigar er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Í stjórn Hallveigar eiga sæti forseti og fjórir til sex meðstjórnendur. Allir félagar í Hallveigu geta boðið sig fram í stjórn félagsins. Stjórn skal á fyrsta fundi eftir aðalfund skipta með sér verkum og skipa minnst í stöðu varaforseta og gjaldkera.

Forseti er málsvari félagsins út á við og innan Samfylkingarinnar. Forseti sér um að stjórna fundum stjórnar og boða til þeirra. Varaforseti er staðgengill forseta. Varaforseti sér um að bjóða nýja féлага velkomna í félagið. Forseti og varaforseti skulu ekki vera af sama kyni. Gjaldkeri sér um fjármál félagsins og sér um skil á ársreikningi. Meðstjórnendur skulu sinna tilfallandi verkefnum og leiða málefnaþöpa félagsins. Fyrsti varamaður inn í stjórn skal vera sá frambjóðandi sem hlaut flest atkvæði þeirra sem ekki náðu kjöri í stjórn, og svo koll af kolli. Ef stjórn er ekki fullskipuð eða ef losnar um embætti í stjórn eftir aðalfund er stjórn heimilt að leggja fram tillögu að nýjum stjórnarmeðlim fyrir félagsfund. Ef forseti segir af sér eða getur ekki gegnt embætti sínu tekur varaforseti við starfi forsetans.

Stjórnarfund skal boða með minnst sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundur telst löglegur hafi verið löglega til hans boðað og minnst helmingur stjórnar mættur. Einfaldur meirihluti ræður komi til atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum. Ef atkvæði falla jafnt í atkvæðagreiðslum ræður atkvæði forseta. Stjórnarsamþykkt þarf til allra fjárhagslegra skuldbindinga.

#### **Aðalfundur, félagsfundir og opnir fundir**

##### 6. grein

Aðalfund skal haldinn eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Aðalfundur er opinn öllum en aðeins félagar í Hallveigu er með kosningarétt. Aðalfund skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Fráfarandi stjórn kys kjörstjórn til að sjá um kosningar til stjórnar og lagabreytingar. Aðalfundur kys tvo skoðunarmenn til að fara yfir ársreikning og ganga úr skugga um að fjármunum félagsins hafi verið ráðstafað í samræmi við lög og stefnu félagsins. Skoðunarmenn reikninga eru kosnir til eins árs og teljast ekki til stjórnarmeðlima Hallveigar.

Stjórn málaályktanir fást samþykktar með einföldum meirihluta aðalfundar eða félagsfundar. Aukinn meirihluta ( $\frac{2}{3}$ ) atkvæða aðalfundar þarf til að samþykkja ársreikning og lagabreytingar.

Framboð skulu berast á netfang Hallveigar. Frambjóðendur skulu tilgreina hvort framboðið sé til forseta eða meðstjórnenda. Framboðsfrestur rennur út sólarhring fyrir aðalfund. Hljóti frambjóðandi ekki kjör til forseta má hann bjóða sig fram til meðstjórnanda. Á kjörseðli eru nöfn allra frambjóðenda í stafrófsröð. Kjósandi skal kjósa minnst fjóra og mest sex frambjóðendur til meðstjórnenda. Í stjórn hallveigar skal hlutfall eins kyns ekki vera hærra en 60%. Fyrsti varafulltrúi inn í stjórn skal vera sá frambjóðandi sem hlaut flest atkvæði þeirra sem ekki náðu kjöri, og svo koll af kolli. Þá hefur fráfarandi stjórnumboð til að leita til einstaklinga um að bjóða sig fram í þær stöður sem lausar eru. Heimilt er að tilkynna um framboð munnlega á aðalfundi fyrir lið 7, sbr. fasta dagskrárliði aðalfundar, hafi ekki borist framboð til forseta og/eða að minnsta kosti níu í meðstjórnendur. Nú eru færri framboð til stjórnar en hámarksfjöldi lausra sæta, eða jafnmörg, og þurfa frambjóðendur þá að fá að minnsta kosti  $\frac{2}{5}$  greiddra atkvæða til þess að hljóta kosningu.

#### **Fastir dagskrárliðir aðalfundar eru:**

1. skýrsla stjórnar,
2. kosning fundarstjóra og ritara aðalfundar,
3. ársreikningur,
4. lagabreytingar,
5. ákvörðun um árgjald,
6. umræður og afgreiðsla stjórn málaályktunar,
7. kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga,
  - a. kjör forseta
  - b. kjör meðstjórnenda
  - c. kjör tveggja skoðunarmanna reikninga
8. önnur mál.

#### **Önnur mál**

##### **7. grein**

Ef aukinn meirihluti ( $\frac{5}{6}$ ) atkvæðisbærra fundargesta á aðalfundi samþykkja að slíta félaginu skal senda inn beiðni til miðstjórnar Ungra jafnaðarmanna sem þarf að samþykkja slit félagsins einróma. Ef félaginu er slitið renna eignir og fjármunir þess til Ungra jafnaðarmanna..

Upphæð félagsgjalda er ákveðin á aðalfundi og stjórn félagsins sinnir innheimtu félagsgjalda. Stjórn Hallveigar hefur heimild til að gera með sér samstarfssamninga við önnur aðildarfélag um innheimtu á félagsgjöldum, viðhaldi á sameiginlegu félagatali, og skráningu félagsfólks. Stjórn félagsins hefur heimild til að senda út valgreiðslur á félagsfólk sitt nema annað sé nefnt í samstarfssamningum félagsins.. Reikningstímabil er frá 1. október til 30. september næsta árs.

Allt sem aðalfundur eða stjórn samþykkir er gert með fyrirvara um stafsetningu og málfarsvillur. Verði

ágreiningur um þessi lög er hægt að senda málið til miðstjórnar Ungrafnaðarmanna sem úrskurðar þá um málið og er sá úrskurður bindandi.

Lög þessi taka þegar í stað gildi.

### **Breytingar á lögum:**

Lög uppfærð á aðalfundi Hallveigar-UjR þann 07.10.2020

Lög uppfærð á aðalfundi Hallveigar-UjR þann 05.11.2021

Lög uppfærð á aðalfundi Hallveigar-UjR þann 31.10.2022

Lög uppfærð á aðalfundi Hallveigar-UjR þann 18.10.2023

Lög uppfærð á aðalfundi Hallveigar UjR þann 18.10.2024

## **Viðauki 1 - Samstarfssamningar við önnur aðildarfélög** *(upprunaleg skjöl má finna á skrifstofu Samfylkingarinnar)*

### **Samningur Hallveigar og Samfylkingarfélagsins í Reykjavík (SffR) undirritaður (7.02.2024)**



#### **Samkomulag stjórnar Samfylkingarfélagsins í Reykjavík og Hallveigar – Ungs jafnaðarfólks í Reykjavík um fjárhagslegt samstarf félaganna tveggja**

Með vísan í samkomulag á milli stjórnar Samfylkingarfélagsins í Reykjavík (SffR) og stjórnar Hallveigar-Ungs jafnaðarfólks í Reykjavík (HT) frá 28 apríl 2021 gera stjórnirnar nú með sér samkomulag um fastari skorður fjárhagslegs samstarfs félaganna.

Formleg lagaleg tengsl félaganna til frambúðar verða ekki ákvörðuð fyrir en niðurstöður laganeftdar Samfylkingarinnar liggja fyrir og lagabreytingar í kjölfar þeirra hafa verið samþykktar á landsfundi.

Stjórnirnar eru sammála um að fjárhagsleg tengsl félaganna þangað til með þeim hætti að SffR skuldbindur sig til að styrkja starf HT sem nemur 120.000 kr á hverju starfsári (almanaksári). Óski HT eftir auknum styrk vegna sérstakra viðburða eða t.d. í tengslum við kosningar skal stjórn SffR taka slíka styrkbeiðni fyrir og afgreiða. Komi til samþykktar skal HT skila sundurliðuðum reikningi vegna útgjalda vegna viðkomandi viðburð eða starfsemi.

Reykjavík, 7. febrúar 2024

Sigfús Ómar Höskuldsson,  
formaður SffR

Soffía Svanhvít Árnadóttir,  
formaður Hallveigar

### **Samningur Hallveigar og Samfylkingarfélagsins í Reykjavík (SffR) undirritaður (28.04.2021)**

Samkomulag formanna stjórna Samfylkingarfélagsins í Reykjavík og Hallveigar -félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík um samstarf félaganna tveggja.

Stjórn SffR og stjórn Hallveigar eru sammála um að lagabreytingar um formleg tengsl félaganna verði látnar biða þangað til niðurstöður laganefndar Samfylkingarinnar liggja fyrir og lagabreytingar í kjölfar þeirra hafa verið afgreiddar á landsfundi sem verður haldinn árið 2022 eða fyrr.

Stjórnirnar eru sammála um að við kjör landsfundarfulltrúa Hallveigar og SffR á landsfund og eins í fulltrúaráðið í Reykjavík fram að næsta landsfundi Samfylkingarinnar verði málum háttað á sama veg og fyrir landsfund haustið 2020, [sjá fylgiskjal samkomulag þessu með reglum um val á landsfundarfulltrúum fyrir landsfund 2020 hjá stjórn SffR, samþykktar á félagsfundi 11.10.2020].


Stjórnirnar eru sammála um að fjárhagsleg tengsl félaganna árin 2021 og 2022 fram að næsta landsfundi Samfylkingarinnar verði með svipuðum hætti og ákveðið var haustið 2020\*.

Reykjavík, 28. apríl 2021



f.h. SffR

Ellen Calmon



f.h. Hallveigar

Viktor Stefánsson

\*Hallveig fékk styrk að upphæð kr. 200.000.- haustið 2020

**Samkomulag um samstarf á milli Hallveigar og Samfylkingarfélagsins í Reykjavík (SffR)  
undirritaður (29.06.2011)**

Hallveig – félag ungra jafnaðarmanna í Reykjavík  
Samfylkingarfélagið í Reykjavík

M.Ö. 30. júní

### Samkomulag um samstarf

Stjórnir Hallveigar og SffR lýsa yfir að þær vilja auka samvinnu til að efla starf félaganna og jafnaðarmanna í Reykjavík.

Stjórnir Hallveigar og SffR hyggjast vinna saman að því að efla borgarmálaráð, hverfafélög og stefnumótunarstarf. Þær lýsa yfir vilja til náins samstarfs við undirbúning kosningabaráttu og stjórnun hennar.

Formaður Hallveigar hefur seturétt á stjórnarfundum SffR. Málefni Hallveigar eiga aðgang að fréttabréfi SffR, Bréfi til félaga. Stjórn SffR gæti þess að fulltrúi Hallveigar eigi ávallt fulltrúa í þeim nefndum og ráðum sem stjórnin skipar í.


Stjórn SffR skuldbindur sig til að aðstoða Hallveigu eftir fremsta megni við að efla starf meðal ungs fólks í Reykjavík, fjárhagslega og með vinnuframlagi.

Hluti af samkomulagi þessu er að sameina félagaskrár félaganna, þó þannig að félögum Hallveigar sé haldið sér og stjórn Hallveigar eigi ávallt greiðan aðgang að eigin félagaskrá. Til að auðvelda samstarf félaganna hefur stjórn Hallveigar aðgang að skrifstofu SffR til notkunar fyrir eigin starfsemi.

Reykjavík, 29. júní 2011

F. h. stjórnar SffR

F.h. stjórnar Hallveigar

  
Kjartan Valgarðsson

  
Júlía Margrét Einarsdóttir Kvaran

Ath. skv. samningi þessum eru félagar Hallveigar jafnframt skráðir félagar SffR, og allir félagar SffR á

*aldinum 16-35 ára eru jafnframt skráðir félagar Hallveigar. Þegar félagar Hallveigar ná 35 ára aldri fellur niður skráning þeirra hjá Hallveigu niður, en skráning hjá SffR helst óbreytt.*